

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi og Diðriki Helgasyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndu Verklegar framkvæmdir h/f og Byggir h/f eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur, í málinu.

Stefndu Jón Eiríksson, Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson greiði stefnanda einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 33.800.00 með 8% ársvöxtum frá 5. marz 1960 til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966, og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 10.000.00 í málskostnað.

Málskostnaður fellur að öðru leyti niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. febrúar 1968.

Nr. 14/1968. **Ákærvaldið**

gegn

Marteini Andrésí Dalberg.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur L. Jóhannesson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. janúar 1968, sem

barst dóminum 30. s. m., og krafizt þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld.

Hinn 14. október 1964 var varnaraðilja í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu dæmd 2.000 króna sekt og svipting ökuleyfis 6 mánuði fyrir brot gegn 2. og 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. og 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Varnaraðili var sóttur um ítrek- að brot gegn greindum lagaboðum í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt. Þau málalok voru óheimil að lögum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, 4. mgr. 80. gr. og 3. mgr. 81. gr. laga nr. 26/1958 og 71. gr. laga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. nefndrar 112. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu

27. september 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 27. september, var sakadómur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur á skrifstofu embættisins og haldinn af Guðmundi L. Jóhannessyni fulltrúa með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um ölvun við akstur bifreiðarinnar G 3222 29. jan. s.l.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1—5, sem fylgja.

Í réttinum er mættur kærði: Marteinn Andrés Dalberg verka- maður, Kothúsum, Garði. Fæddur 29/7 1912. Fæðingarstaður: Suðurey, Færeyjum.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961. Áminntur um sannsögli skýrir kærði svo frá, að eftir að hafa drukkið tvö staup af vodkavíni í Akurgerði í Garði sunnudagsnóttina 29. jan. 1967 hafi hann tekið bifreið sína, G 3222, og ekið henni frá Akurgerði áleiðis til heimilis síns, en aksturinn verið stöðvaður af lögregl- unni, er hann hafði ekið 50 til 100 metra.

Aðspurður kveðst kærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn né neytt víns, meðan á akstri stóð né að honum loknum.

Við alkóhólrannsókn fundust í blóði því, sem tekið var úr kærða

í umrætt sinn, reducerandi efni, sem samsvara 0.82% af alkóhóli.

Til að sleppa við málssókn út af brotinu samþykkir hann að greiða kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs og að verða sviptur öku-leyfi í 4 mánuði frá deginum í dag að telja samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Framangreint brot varðar við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 4. og 5. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24., sbr. 45. gr. laga nr. 58/1954.

Sektin greiðist strax, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 6 daga.

Málkostnaður, kr. 650.00, greiðist s. t.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður, sbr. 112. gr. laga nr. 82/1961 og 1. gr. laga nr. 29/1966.

Mánudaginn 19. febrúar 1968.

Nr. 222/1966. **Hörður Hjörleifsson**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Veitingahúsinu Nausti h/f

(Sigurður Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1966, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 23.780.00 ásamt 10% ársvöxtum frá 3. október 1960 til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.